

254. Stjórnarfundur FEBRANG 6.1. 2025 kl. 13:00

í fundarsal Oddasóknar á Hellu

Mætt voru Jón Ragnar Björnsson, Jóna Elísabet Sverrisdóttir, Svavar Hauksson, Finnur Egilsson, Ásdís Ólafsdóttir og Einar G. Magnússon. Margrét Guðjónsdóttir boðaði forföll.

Formaður setti fund og bauð öll velkomin, bað Sigdísi Oddsdóttur að rita fundargerð og Svavar Hauksson að lesa fundargerð síðasta fundar.

1. Fundargerð fundar 253 frá 18.11. 2024 lesin og samþykkt.
2. Hvað gerðist milli funda.
 - a. Umsókn var send inn til Ólafssjóðs en síðar kom í ljós að sá sjóður er aðeins fyrir líknarmál.
 - b. Vörutalning fyrir handverk fór fram þann 27.11. s.l.
 - c. Jólahlaðborðið 29.11. Stjórn sammála um að vel hafi tekist til.
 - d. LEB sendi tilkynningu um að Mannréttindadómstóll Evrópu muni dæma í máli Gráa hersins gegn íslenska ríkinu vegna skerðinga ellilífeyris.
3. Starfið á vorönn - Fréttabréf FEBRANG:
 - a. Handverk - Keramik, postulín o.fl byrjar 15.janúar. Gjald hækkar samkvæmt verðbólgu úr 4.500 kr. í 5.000 kr. Stjórn óskar eftir að Ester Markúsdóttir verði jafn langan vinnutíma og hinir leiðbeinendurnir. Gjaldkera falið að hafa samband við Ester.
 - b. Handverkssýning verður 26.-27. apríl í Hvolnum. Sigdísi falið að panta Hvolinn frá föstudegi fram á sunnudag.
 - c. Útskurður. Gjald fyrir útskurð hækkar samkvæmt verðbólgu úr 4.500 kr í 5.000 kr.
 - d. Spilin byrja 16. janúar á Hvolsvelli. Spilað verður alls 12. skipti. Auglýst var eftir spilastjóra á Hvolsvelli en enginn hefur gefið kost á sér.
 - e. Boccia verður með óbreyttar tímasetningar.
 - f. Hringur byrjar 13.janúar kl.16.
 - g. Leiklist. Margrét Tryggvadóttir hefur samþykkt að halda áfram og byrjar leiklistin 14. janúar kl. 11:15 í Hvolnum.
 - h. Dans verður til skiptis á Hellu og Hvolsvelli og byrjar 14. janúar 13:30-14:30. Byrjar á Hellu.
 - i. Skapandi skrif. Gert er ráð fyrir því að námskeið verði haldið á hautsönn ef næg þátttaka fæst. Jónu falið að hafa samband við Hörpu varðandi tímasetningu. Nánar auglýst síðar.
 - j. Bókaklúbbur. Ákveðið var að sleppa bókaklúbbi en Héraðsbókasafnið hefur verið með bókaklúbbinn Skruddurnar. Hist er fyrsta fimmtudag í mánuði kl. 16. Allir velkomnir.
 - k. Hreyfing/leikfimi. Stjórnin lýsir mikilli ánægju sinni með framtak sveitarfélaganna á svæðinu.
 - l. Góugleði, Góuball. Rætt um fyrirkomulag.
 - m. Ferðir sumarsins.
 - n. Jónsmessuhátíð verður haldin 20. júní, væntanlega í Gunnarshólma. Auglýst síðar.

4. Aðalfundur 3.2.
 - a. Ársskýrsla stjórnar og reikningar.
Ákveðið að ársskýrsla stjórnar verði flutt af fráfarandi stjórn.
Ársreikningur félagsins verður birtur á vefsíðunni febrang.net fyrir aðalfund. Honum verður ekki dreift á aðalfundinum, en einfalt er að prenta hann.
 - b. Nýtt stjórnarfolk. Þrjá vantar til að fullmanna nýja stjórn.
 - c. Kosning fulltrúa á fundi LEB. Stjórnin leggur til við aðalfund að formaður, Jóna Elísabet Sverrisdóttir og Ásdís Ólafsdóttir verði fulltrúar félagsins á landsfundi LEB sem haldinn verður í apríl n.k. á Suðurnesjum.
 - d. Afgreiðsla ályktana og tillagna. Stjórnin mun leggja fram ályktun um heilbrigðisþjónustu í sýslunni.
 - e. Skemmtiatriði á aðalfundi. Guðrún María Guðmundsdóttir ætlar að syngja á aðalfundinum.
 - f. Veitingar. Sigurborg Þ. Óskarsdóttir ætlar að annast vöfflukaffi.
 - g. Samþykkt að bjóða sveitarstjórnarfolki sýslunnar á aðalfundinn.
5. Fólk í stjórn og nefndir:
 - a. Einn vantar í Skemmtinefnd.
 - b. Einn vantar í Dansnefnd.
 - c. Spilastjóra vantar á Hvolsvelli.
6. Rekstur ársins 2024 og samanburður við rekstraráætlun.
Bókhald s.l. árs er uppfært til áramóta. Bornir saman ýmsir þættir í rekstrinum 2023 og 2024 við rekstraráætlun 2024.
7. Rekstraráætlun 2025 verður uppfærð fyrir næsta stjórnarfund.
8. Abler kerfið áfram til skoðunar.
9. Næsti fundur 20.1. kl. 13:30.
10. Önnur mál. Einar mun koma á framfæri hinstu kveðju við útför Ólafs Ólafssonar, heiðursfélaga FEBRANG.

Fleira ekki tekið fyrir og formaður sleit fundi.

Formaður

Ritari